



UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals vegna fyrirkomulags umferðar í Úlfarsárdal (R19110249).

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 21. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Með hvaða hætti er eftirliti Bílastæðasjóðs með ólöglegri lagningu bifreiða á borgarlandi háttað í Grafarholti og Úlfarsárdal? Er eftirlitið reglubundið eða tilfallandi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Eftirliti Bílastæðasjóðs með stöðubrotum er eins háttað í Grafarholti og Úlfarsárdal og í öðrum íbúðahverfum borgarinnar. Ekki er mögulegt að hafa daglegt eftirlit með öllum götum borgarinnar og því er eftirlitinu forgangsraðað. Í grófum dráttum er um að ræða þrjá flokka, þ.e. eftirlit með svæðum þar sem stöðubrot eru algeng, eftirlit með svæðum í kjölfar sérstakra ábendinga og eftirlit með öðrum svæðum. Miðað er við að ekki líði meira en nokkrar vikur milli eftirlits á svæðum í þriðja flokknum.

Bílastæðasjóður hefur í kjölfar ábendinga haft aukið eftirlit með lagningu ökutækja í Úlfarsárdal. Margar ábendinganna varða hins vegar ökutæki sem ekki er lagt ólöglega og niðurstöður eftirlitsferða Bílastæðasjóðs eru ekki þess eðlis að þær kalli á aukið eftirlit með hverfinu.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri